

43. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 1.4. 2025, kl.8:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Jóhann F. Þórhallsson er oddviti í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. Varamaður Guðni Jónsson var mættur. Sveitarstjórn samþykkir að bæta við lið nr. 5 – d, fundargerð frá aðalfundi Minjastofnunar Austurlands dags. 28.3.2025, lið nr. 5 – e, ársskýrsla Minjastofnunar Austurlands vegna 2024, lið nr. 5 – f, fundargerð Austurbrúar dags. 18.3.2025 og lið nr. 5 – g, fundargerð SSA dags. 18.3.2025. Mætt undir lið 3. Aðalsteinn Þór Sigurðsson endurskoðandi og Sólrún Pétursdóttir verkefnastjóri hjá Deloitte kl: 9:45.

Dagskrá:

1. Verklagsreglur um ágangsfé, fyrri umræða
2. Útboðsgögn veitingaaðstöðu þjónustuhúss við Hengifoss
3. Ársreikningar Fljótsdalshrepps 2024, síðari umræða
4. Vatnajökusþjóðgarður, skýrsla um starfsemi við Hengifoss 2024
5. Fundargerðir:
 - a. Almannavarna 10.3.2025
 - b. Stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga 7.2.2025. 28.2.2025, 11.3.2025
 - c. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 19.2.2025
 - d. Aðalfundur Minjasafns Austurlands dags. 28.2.2025
 - e. Ársskýrsla Minjasafns Austurlands vegna 2024
 - f. Austurbrú dags. 18.3.2025
 - g. SSA 18.3.2025
6. Fræðsluerindi um kregðu
7. Umsókn um styrk Búnaðarfélagsins til kaupa á jarðvinnsluplóg
8. Umsóknir í styrkvegasjóð og Lóusjóð
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Önnur mál:

1. Verklagsreglur um ágangsfé, fyrri umræða

Drög kynnt. Sveitarstjórn óskar eftir nánari skilgreiningu á afrétt/heimalöndum/lönd innan girðinga og tímamörkum, einnig að verklagsreglur miðast við lögbýli í ábúð. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til síðari umræðu.

2. Útboðsgögn veitingaaðstöðu þjónustuhúss við Hengifoss

Í kjölfar ákvörðunar sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps sem tekin var á 41. Fundi hennar, dags 4.2.2025 óskaði sveitarstjórnarfulltrúi að eigin frumkvæði, Kjartan Benediktsson eftir því að víkja framvegis af fundum undir málaliðnum og að taka ekki þátt í umræðu um hann svo fremi sem því yrði komið við þar sem umræddur aðili gæti talist sem mögulegur tilboðsgjafi. Kjartan vék af fundi kl. 8:30. Helgi fór yfir undirbúninginn en útboðsgögnin eru tilbúin og hafa verið auglýst. Kjartan kom aftur til fundar kl: 8:38.

3. Ársreikningar Fljótsdalshrepps 2024, síðari umræða

Deloitte hefur lokið endurskoðun á ársreikningi Fljótsdalshrepps fyrir árið 2024. Aðalsteinn fór yfir framkvæmd og niðurstöður endurskoðunarinnar. Í framhaldinu var reikningurinn samþykktur samhljóða af sveitarstjórn. Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 337,9 millj.kr. og rekstrargjöld 253,8 millj.kr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 12,5 millj.kr. og rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð um 71,7 millj.kr. Eftir er að skila skýrslu vegna endurgreiðslu á Allir vinna frá árinu 2020 uppá kr. 2,5 millj.kr. mikilvægt er að henni verði skilað sem fyrst. Aðalsteinn og Sólrún véku af fundi kl: 10:30. Halla vék af fundi kl 10:30.

4. Vatnajökusþjóðgarður, skýrsla um starfsemi við Hengifoss 2024

Ákveðið að fresta dagskrárlið.

5. Fundargerðir:

a. Almennavarna 10.3.2025

Kynnt.

b. Stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga 7.2.2025. 28.2.2025, 11.3.2025

Kynnt.

c. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 19.2.2025

Kynnt.

d. Aðalfundur Minjasafns Austurlands dags. 28.2.2025

Kynnt.

e. Ársskýrsla Minjasafns Austurlands vegna 2024

Kynnt.

f. Austurbrú dags. 18.3.2025

Kynnt.

g. SSA 18.3.2025

Kynnt. Jóhann fór yfir atkvæðisrétt sveitarfélagsins í SSA, en sveitarfélagið hefur aðeins áheyrnarfulltrúa. Tillaga um breytingu verður lögð fram á aðalfundi SSA 9.5.2025.

6. Fræðsluerindi um kregðu

Erindinu var vel tekið í sveitarstjórn, en vantar frekari upplýsingar um kostnað. Sveitarstjóra falið að athuga málið betur.

7. Umsókn um styrk Búnaðarfélagsins til kaupa á jarðvinnsluplóg

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja Búnaðarfélagið um kr. 2.000.000.

8. Umsóknir í styrkvegasjóð og Lóusjóð

Sveitarstjóri kynnti umsóknir.

9. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu mál.

Sveitarstjóra falið að skipuleggja heimsókn sveitarstjórnar Fjarðarbyggðar í Fljótsdal.

Sveitarstjórar á Austurlandi hittast reglulega og nú er komið að því að þeir hafa áhuga á að heimsækja Fljótsdalshrepp, sveitarstjóra falið að skipuleggja heimsóknina.

Sagt frá hönnun gatna og veitna í Hamborg.

10. Önnur mál:

Sveitarstjóra falið að athuga grundvöll fyrir að stofna Minjasafn Fljótsdalshrepps.

Sveitarstjórn fagnar því að skipulagsstofnun hefur samþykkt deiliskipulagið í Hamborg.

Húsnæðisáætlun lögð fram kynnt og samþykkt.

Fundi slitið kl 11:00

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Kjartan Benediktsson

Jóhann F. Þórhallsson oddviti